

Samráðsgátt

Sent til: samradsgatt@stjornarradid.is



Reykjavík, 15. desember 2025

Sameiginleg umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) og Landverndar við áform Atvinnuvegaráðuneytisins um lagasetningu - Frumvarp til laga um lagareldi

Grunnforsenda lagasetningar um laxeldi í sjó og á landi skal byggja á því að engir villtir laxastofnar verði fyrir spjöllum vegna erfðablöndunar við eldislax.

Íslenski náttúruverndarsjóðurinn og Landvernd leggja til að í nýjum lögum um lagareldi verði kveðið á um að ekki verði gefin út fleiri leyfi fyrir sjókvíaelði í opnum netapokum og sett verði inn sólarlagsákvæði um gildandi leyfi þar sem kveðið verður á um að allar opnar sjókvíar verði farnar úr hafinu við Ísland innan þriggja ára.

Ef fyrirtæki vilja ala lax í sjó skal einungis heimila þá starfsemi ef:

- Framleiðendur geta tryggt að úrgangur frá starfseminni verði ekki látinn renna óhreinsaður beint í hafið. Nú streymir skítur, örplast, þungmálmur, fóðurleifar, lyf og eiturefni úr sjókvím hindrunarlaust í gegnum netmöskvana.
- Að enginn fiskur sleppi.
- Að sjúkdómar og sníkjudýr berist ekki í sjó eða vatnsföll.
- Að velferð eldisdýranna verði bætt og notkun hreinsifisks hætt. Viðskiptamódel sjókvíeldisfyrirtækjanna gerir ráð fyrir stórfelldum „afföllum“ eða dauða eldislaxa í sjókvíunum og seiða í landeldisstöðvum. Svokallaður hreinsifiskur, oftast hrognkelsi, sem settur er í kvíarnar til að éta lús af eldislaxunum, drepst allur. Þessi meðferð á dýrum er óásættanleg.

Varanlegar skerðingar á framleiðsluheimildum

Á meðan sjókvíaelði í opnum netapokum er enn leyft við strendur Íslands skal í nýjum lögum skapa umgjörð um starfsemina sem lágmarkar umhverfisáhrif hennar og bætir úr óásættanlegri meðferð á eldisdýrunum.

Íslenski náttúruverndarsjóðurinn og Landvernd leggja til að það verði án undantekninga varanlega skerðingu á framleiðsluheimildum ef eftirtaldir mælikvarðar eru brotnir:

- Ef fyrirtæki verða uppvís af því að missa frá sér eldislax í sjó eða vatnsföll.
- Ef laxalús eða fiskilús ógnar velferð eldisdýranna með þeim hætti að grípa þurfi til eitrona, lyfjafóðurs eða böðunar eldislaxanna upp úr heitu ferskvatni í brunnbátum. Þekkt er að slík böðun veldur fiskunum gríðarlegri streitu og dregur stóran hluta þeirra til dauða.
- Ef upp koma blóðþorri eða aðrir alvarlegir smitsjúkdómar sem geta borist í villta stofna laxfiska.

- Ef afföll eldisdýranna verða meiri 10 prósent í hverri eldislotu. Lög og reglur um sjókvíaelði má ekki sníða að hagsmunum framleiðanda heldur á velferð eldisdýranna að vera í fyrirrúmi.

Mikilvægt er að taka upp þessi viðmið strax, án aðlögunartíma við gildistöku nýrra laga. Ekki er við það búið að fyrirtækin fái að halda áfram starfsháttum þar sem stórt hlutfall eldislaxa drepst vegna slæms aðbúnaðar, missa fisk sem skaðar villta laxastofna, menga firði eða dæla út í umhverfið sníkjudýrum og sjúkdómum.

Fyrirtækin hafa í hendi sér að fækka til muna fiski í einstaka sjókvíum og í heild innan fjarða og hvíla eldissvæði lengur en nú er gert. Slík vinnubrögð myndu strax lækka óásættanlegan dauða í sjókvíunum, minnka mengun, minnka magn laxalúsar og draga úr líkum á útbreiðslu sjúkdóma.

Sérhagsmunagæsla verði afnumin

Í nýjum lögum um lagareldi skal að áliti Íslenska náttúruverndarsjóðsins og Landverndar fella brott lagaákvæði um svokallað burðarþolsmat.

Ákvæðið um burðarþolsmat er sérhagsmunagæsla í þágu örfárra fyrirtækja. Með ákvæðinu var búið til leið fyrir sjókvíaeldisfyrirtækin fram hjá gildandi lögum um stjórn vatnamála frá 2011 og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda frá 2004.

Ákvæðið um burðarþolsmat heimilar sjókvíaeldisfyrirtækjunum að láta allt skólp frá iðnaðarstarfseminni renna óhreinsað í sjóinn: lífrænan úrgang, fóðurleifar, örplast, lyf, skordýraeitur og þungmálma. Staðfest er að þessi mengun raskar lífríki í hafinu.

Ákvæðið um burðarþolsmat brýtur á bága við lög um stjórn vatnamála en þau geyma umhverfismarkmið sem bindandi eru fyrir ríkið. Markmið þeirra er „að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa“. Þá er lögunum ætlað „að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar“. Þau gilda um allt vatn, þar á meðal strandsjó, þar sem sjókvíeldi er stundað.

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda taka til „hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri“ en markmið þeirra er „að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.“

Ríkið ber ábyrgð á framkvæmd laganna.

Ekkert úthafs- eða strandeldi án staðfestingar um skaðleysi

Það er álit Íslenska náttúruverndarsjóðsins að ekki komi til greina að hefja úthafs- eða strandeldi nema niðurstöður rannsókna sýni afdráttarlaust að umhverfi og lífríki sé ekki hættu búið, eða það trufla aðra atvinnustarfsemi.

Hvorki á að hugleiða útgáfu þróunarleyfa né skipuleggja möguleg hafssvæði án þess að niðurstöður þessara rannsókna liggi fyrir.